


»» Grunnskóli Húnaþings vestra ««

Föstudagsmolinn

Kemur með fréttirnar



Nemendur í 7. bekk byrjuð að hekla



Framundan


Mánudagur 22. janúar
Matseðill: KFC fiskur (þorskur),
bátakartöflur, salat og grænmeti
• Morgunsöngur.

Þriðjudagur 23. janúar
Matseðill: Slátur, kartöflur, rófur, hvít
sósa
• Skólahjúkrunarfræðingur með skólaskoðun
hjá 9. bekk

Miðvikudagur 24. janúar
Matseðill: Mexíkó-kjúklingasúpa, nachos,
ostur og sýrður rjómi
• Nemendaráðsfundur kl 8:20.

Fimmtudagur 25. janúar
Matseðill: Fiskibollur, kartöflur,
karrýgrjón, salat og grænmeti
• Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.

Föstudagur 26. janúar - Bóndadagur
Matseðill: Grjónagrautur, slátur og
þorrasmakk



Unglingastigið að leika sér
með leir í sköpun



FERNUFLUG

LJÓÐ FRÁ NÓU Í 10. BEKK ER EITT AF 48 SEM VALIÐ VAR ÚR 1200 LJÓÐUM OG TEXTUM SEM SEND VORU Í KEPPNI HJÁ MJÓLKURSAMSÖLUNNI.

Mjólkursamsalan hefur frá árinu 1994 beitt sér fyrir eflingu móðurmálsins með fjölbreyttum leiðum og hafa stærstu og sýnilegustu verkefni þeirra verið íslenskuátökin á mjólkurfernum MS. Mjólkurfurnar hafa þannig verið nýttar sem vettvangur málræktar, tjáningar og sköpunar og því var ákveðið að endurvekja textasamkeppni grunnskólanema, Fernuflug, á haustmánuðum 2023. Það er óhætt að segja að Fernuflugið hafi ýtt undir sköpunargleði grunnskólanema og skapað lifandi umræðu um tungumálið sem er okkur öllum svo kært því yfir 1.200 textar bárust í keppnina frá nemendum í 8.-10. bekk um land allt og af þeim voru 48 textar valdir til birtingar á mjólkurfernum okkar.

BAKTERÍURÆKTUN Í VERKLEGGRI NÁTTÚRUFRAEÐI

Nemendur tóku stroksýni af hinum ýmsu stöðum. Myndin sýnir afrakstur bakteríuræktunarinnar af kaffivél og síma.



Hér getur þú byrjað að skoða valgreinar fyrir komandi lotur. Valið opnar seinnipart miðvikudags.



Til hamingju Nóa

Hvað er að vera ég?



Ég er mín eigin einstök sál
Með tilfinningar og mikið hár
Hjarta mitt að innan slær
Frá toppi alveg niður í tær

Ég ávallt mitt besta reyni
Þótt ég stundum lendi á vandamáls steini
Ástin og kærleikurinn frá mér skína
Ég hann reyni öllum að sýna

Þakklát fyrir líf mitt er
Ég ber þá kæti hvert sem ég fer
Ég elska sjálfa mig svo heitt
Og brosi ávallt út í eitt

Nóa Sópía Ásgeirsdóttir
15 ára, Grunnskóla Húnaþings vestra ms.is/fernuflug



Skráning á vorönn
Dansskóla
MenHúnVest stendur
nú yfir. Þið finnið allar
upplýsingar með því að
smella á myndina.

DANSSKÓLI
menhúnvest



Áfram Ísland!

20. janúar - 14:30

Ísland  -  Frakkland

22. janúar - 14:30

Ísland  -  Króatía

24. janúar - 14:30

Ísland  -  Austurríki

